

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 42. fundur skólanefndar

7. apríl 2009

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Magnús Már Leifsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

Kjartan Páll setur fundinn og biður Skúlínu hjartanlega velkomna til starfa. Þetta var fyrsti fundur Skúlínu Hlífar skólameistara. Fundurinn einkenndist af upplýsingagjöf til nýs skólameistara.

1. Áframhaldandi sveigjanleiki og upplýsingatækni.

Skólanefnd vill styðja við þann sveigjanleika og þá upplýsingatækni sem í FSN rýkir. Mikið brautryðjendastarf hefur verið unnið hér og ætlum við að halda því ótrauð áfram. Skúlína vill halda þessu þróunarstarfi á lofti og nota sína reynslu til viðbótar. Mikil stefnumótunarvinna átti sér stað árið 2008 þar sem starfsmenn, nemendur, kennarar og skólanefnd komu saman.

Upplýsingagjöf til nemenda og foreldra rædd. Inna og Mentor borið saman og virðist Inna ekki vera alveg jafn góð. Angel er að sama skapi ekki nógu aðgengilegt fyrir foreldra. Einn kennari er að kynna sér Moodle. Magnús Már er til að mynda nemandi í Moodle hópi þessa kennara. Þessi prófun virðist gefa góða raun og verður spennandi að sjá hver niðurstaðan verður. Verið er að skoða Moodle því það er ókeypis. Angel mun hækka töluvert í verði á þessu ári sökum óhagstæðs gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadala, en kerfið er bandarískt.

2. Stofnun FSN

Stofnun skólans var rædd og sú hugmyndafræði sem hér ríkir. Unnið var að hugmyndafræðinni áður en bygging skólans hófst. Sveitastjórnir skipuðu menn í undirbúningsnefnd. Björg Ágústsdóttir þáverandi sveitastjóri sat í þessari nefnd fyrir Grundarfjörð. Sumarið 2003 tóku nemendur, foreldrar og skólar á landinu að kortleggja hvernig nútímaskóli ætti að vera. FSN var teiknaður sem nútímaskóli. Fyrir júl 2003 var Guðbjörg Aðalbergsdóttir ráðin skólameistari. Nemendafjöldi í FSN varð meiri en ráðuneytið gerði ráð fyrir. Bætt aðgengi að námi hefur hækkað menntunarstig á svæðinu því fleiri nemendur úr grunnskólum fara nú í framhaldsskóla heldur en áður. Viðhorf til skólans verður jákvæðara með hverju árinu sem líður, sérstaklega meðal 10. bekkinga. Áður var frekar neikvætt viðhorf til skólans frá Snæfellsbæ en það viðhorf virðist vera á undanhaldi skv. Magnúsi Þóri skólameistara í Snæfellsbæ.

3. Fjármál

Árið 2008 kom út 15 milljóna hallarekstri. Hallinn frá fyrsta starfsári skólans hefur enn ekki verið greiddur upp. Viðbótarársnemar árið 2008 voru 19 og hefur greiðsla vegna þeirra ekki enn borist. Fjölbrautaskóli Snæfellinga fær 959.000,- kr. greiddar með hverjum ársnemenda. Menntamálaráðherra sagði í fréttum í ágúst 2008 að framhaldsskólar landsins myndu fá greitt fyrir viðbótarársnemendur. Þetta eru samtals 18.221.000,- hér í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Starfsbraut hóf einnig starfsemi á ný haust 2008. Kostnaður við starfsbraut haustið 2008 eru um 5.500.000,-. Samtals ættu fullar uppbætur frá ráðuneytinu að vera 23.721.000 (ársnemendur og starfsbraut) en hefur ráðuneytið aðeins samþykkt að greiða 8.200.000,-. Skúlína mun halda áfram með þetta mál hjá ráðuneytinu og krefjast frekari bóta.

4. Námsframboð og aukin tengsl við samfélagið

Námsframboð -Tölvubrautin í FSN er ekki nógu góð. Hún er nær öll í fjarnámi og því spurning hvort að við ættum að hafa hana inni. Það virðist vera þörf á öðruvísi námi fyrir þá sem ekki eru mjög sterkir bóklega. Leiklist, smíðar, tónlist og þess háttar áfangar hafa verið mjög vel sóttir.

Nýr skólameistari vill auka tengsl við samfélagið. Hvernig kemur framhaldsskólamenntun hér til móts við samfélagið. Nýtist menntunin nemendum okkar í þeirra nærumhverfi? Mjög gott ef hægt er að auka tengsl við samfélagið og nýta þær auðlindir sem svæðið hefur upp á að bjóða. Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur til að mynda lýst yfir áhuga á samstarfi. Það eru margir góðir hlutir að gerast hér í nágrenninu sem við ættum að reyna að nýta inn í skólastarfið. Þar væri komið tækifæri fyrir þá sem ekki eru mjög sterkir bóknámslega. Verknám virðist stranda á fjármagni. Við þurfum að velja þær leiðir sem við ætlum að fara. Gott væri ef hollvinasamtök sem myndu styðja við skólann yrðu stofnuð.

5. Önnur mál

Mörg efni komu upp og eru þú útskýrð hér að neðan:

- Spurt er um foreldraráðið sem ekki enn hefur verið stofnað. Skúlína mun skoða það nánar en skv. nýju framhaldsskólalögunum er framhaldsskólum skylt að koma á foreldraráði.
- Það virðist vera þörf á fyrirlestrarsal/sýningasal hér í FSN.
- Hugmyndir um að nota efnivið úr samfélaginu við námskrárvinnuna. Við þurfum að nýta okkur framhaldsskólaprófið. Ekki hólfa eins mikið niður og hefur verið gert. Stærðfræði er hægt að nota í fleiru en stærðfræði.
- Gerður G. Óskarsdóttir hefur óskað eftir því að fá að koma hingað. Það væri mjög gaman að fá hana, sérstaklega í sambandi við námskrárvinnuna.
- Kjartan Páll útteildi bréfi frá ráðuneytinu varðandi úttekt á sjálfsmati í framhaldsskólum landsins. Þar kom fram að Fjölbrautaskóli Snæfellinga uppfyllir bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats. Ráðuneytið sem og Fjölbrautaskóli Snæfellinga fagna þessum góðu niðurstöðum.

Fundi slitið kl. 17:20. Næsti fundur ákveðinn í maí og mun Skúlína boða til fundarins þegar nær dregur.